

1. Stuttmyndagerð- Óskar Birgisson

Lýsing á verkefni

- Kennnd verða undirstöðuatriði við stuttmyndagerð.
- Unnið verður að gerð stuttmynda.

Almenn markmið

- Kynnist og þjálfist í að taka upp á vídeóupptökuvél
- Þjálfist við að færa efni af upptökuvél yfir á tölvu
- Þjálfist við að nota klippiforrit

Kynnist öllum þáttum stuttmyndagerðar

1. Tækja- og plötuþeytinám (8. - 9. bekk)

(DJ námskeið)

Almenn markmið

Nemendur læri að umgangast rétt þau tæki sem eru í eigu nemendafélagsins og félagsmiðstöðvarinnar Óðals

Námsmarkmið

Að nemendur:

- kynnist þeim tólum og tækjum sem eru notuð
- læri umgengisreglur sem eru í gildi í Félagsmiðstöðinni og fari eftir þeim
- læri að beita tækjunum rétt

Leiðir Stuðst verður við ljósritað efni sem kennari útbýr. Farið verður yfir helstu reglur sem gilda í Félagsmiðstöðinni.

Námsmat

Bóklegt og verklegt próf.

Skírteini veitir aðgang að Tónlistarklúbb Óðals. (DJ búri)

2. Eðlisfræði – Efnafræði : Tilraunir

Tímarnir fara eingöngu í verklega kennslu. Teknar verða skemmtilegar, auðveldar og fræðandi tilraunir sem gaman er að gera.

Markmið:

Að nemendur

- fái tækifæri til að gera tilraunir
- fræðast um ýmis efnafræðilögmál.
- Læra að setja upp og gera ítarlega tilraunaskýrslu

Námsmat:

Ástundun, vandvirkni og almennt frammistöðumat.

3. Skrautskrift- Jónína Berg

Almenn markmið

- Nemendur kynna ymsum leturgerðum og skriftaráhöldum.
- Nemendur skoði skrift sem skreytilist og kynni sögu leturgerðar og ritunar.

Námsmarkmið

Nemendur:

- læra gotneska og ítalska skrift.
- læra að beita skriftaráhöldum.
- þjálfa vandaða uppsetningu og vandaðan frágang á skrifuðum texta.
- geti síðan skrifað og skreytt td. tækifæriskort og viðurkenningarskjal.

Námsmat:

- Ástundun, vandvirkni og almennt frammistöðumat.

4. Leiklistarval: Margrét Jóhannsdóttir

5.

Markmið:

Að nemendur:

- vinni samkvæmt einkunnarorðum skólans
- öðlist aukið sjálfstraust og frumkvæði
- þjálfa í raddbeitingu og líkamstjáningu
- kynni fjölbreyttum leiklistaraðferðum
- semji eigin útgáfu af sögum og atburðum sem eru til umfjöllunar
- njóti þess að vinna saman



Aðferðir: Hópvinna; upphitunaræfingar, leikir, leikspuni og ýmsar fleiri leiklistaraðferðir.

Viðfangsefni: Þjóðsögur, dularfullir atburðir og annálar frá fyrri öldum.

Námsmat

- Framkvæmd leikverks
- Ástundun
- Virkni

ATHUGIÐ: Leiklistarval hefst í þriðju skólaviku, **þann 7.september.**

Hlakka til að vinna með ykkur

Kveðja, Margrét

6. Boltaval – Gunnar H Gunnarsson

Almenn markmið

Nemendur kynnist fótbolta, körfubolta og handbolta í dýpri skilningi en í skólaleikfimi.

Námsmarkmið

Að nemendur:

- Kynnist undirstöðu atriðum í hverri íþrótt fyrir sig.
- Geri sér grein fyrir helstu kröfum sem hver íþróttagrein krefst fyrir sig.
- Geri sér grein fyrir orðtökum sem fylgja hverri íþrótt s.s. dýpt, breidd, teigur.
- Geri sér grein fyrir tilgangi reglubundinna æfinga til að ná árangri.

Leiðir

Boltaval verður verklegur áfangi þar sem farið verður jafnt yfir íþróttagreinarnar þrjár. Nemendur fá fjölbreytta kennsluhætti þar sem þeir sjálfir taki virkan þátt í tímum og skipuleggi hluta þeirra sjálfir.

Námsmat

Verkefnaskil, virkni, ástundun.

7. Tölvuval- Helga Jensína Svavarsdóttir

Í tölvuvali verður farið í myndvinnslu. Við tökum myndir og vinnum með þær í myndvinnsluforritinu Gimp.

Gimp er forrit sem hægt er að nálgast frítt á netinu og hefur svipaða virkni og Photoshop.

Markmiðið er að nemendur:

- geti sótt gimp á netið,
- geti flutt myndir af myndavél yfir á tölvu,
- læri meðhöndlun myndanna og flokkun
- kynnist skrársniðum mynda (.jpg, .gif og fleiri)
- skilji hvað pixlar og upplausn mynda þýðir
- geti lagað liti og birtustig á myndum,
- geti minnkað myndir þannig að hægt sé að senda þær í tölvupósti eða setja þær á netið,
- læri að sækja sér frekari þekkingu á myndvinnslu ef áhugi er fyrir með því að leita eftir leiðbeiningum á netinu.

Valið í 7. – 10. bekk á haustönn

8. Teikning og málun- Helga Þorsteinsdóttir

Lýsing á verkefni

Farið verður í skissugerð og nemendur mála síðan myndir út frá þeim. Lögð verða fyrir nokkur föst verkefni en einnig unnin frjáls verkefni.

Námsmarkmið

- 🕒 þjálfa verkfærni við notkun ólíkra efna við teikning og málun.
- 🕒 rækti með sér frumkvæði og vinni sjálfstætt

Námsmat

- ✗ byggir á vinnubrögðum og vandvirkni í verkum nemenda
- ✗ ástundun í tímum
- ✗

9. Nám í tónlistaskóla

Hægt verður að fá nám í tónlistarskóla metið sem Valáfanga í skólanum. Til að svo megi verða þurfa nemendur að framvísa staðfestingu frá Tónlistarskóla um að þeir stundi nám við skólann (**hve marga tíma á viku, í hvaða grein og í hve langa tíma**).

10. Félagsstörf

Þeir nemendur sem verða í stjórn nemendafélagsins næsta skólaár geta sótt um að fá þau störf metin í skólastarfið

11. Menntaskólinn

Nemendur sem stunda nám í menntaskólanum fá það metið sem val. (merkið ykkur á listanum).